

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2020 ræða

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir áheyrendur. Ég heiti Ísak Emil Sveinsson og er fulltrúi Brekkubæjarskóla í ungmennaráði Akranes.

Vegna aðstaða í samfélaginu var ekki hægt að halda málþing eins og hefur verið gert. Í staðinn var könnun send út sem ungmenni á Akranesi gátu svarað og komið með sínar hugmyndir.

Ein af spurningunum var „hvernig getur Akraneskaupstaður eflt börn og ungmenni til listsköpunar?“ Hér ætla ég að fjalla um helstu hugmyndirnar sem komu fram í þessari könnun.

Ég ætla að byrja að tala um hvaða aðstaða er til listsköpunar hér á Akranesi og kem síðan með nokkrar af þeim tillögum sem hægt væri að fara til að efla listsköpun á Akranesi.

Listsköpun í frístundarstarfi fyrir ungt fólk á Akranesi er mjög takmörkuð. Þar fer fremst í fararbroddi starf tónlistarskólans sem við erum mjög heppin að hafa. Grunnskólarnir sem og fjölbrautarskólinn státa af framboði af listgreinum svo sem myndlist, tónlist, ásamt því að allir skólar eru til fyrirmyndar í uppsetningu leiksýninga. Það sem skortir verulega hjá okkur hér á Akranesi eru möguleikar og aðstaða fyrir listgreinar fyrir ungt fólk til að sinna fyrir utan skólatíma.

Þeir einstaklingar sem hafa áhuga á að æfa og efla þekkingu sína á leiklist, myndlist, ljósmyndun eða öðrum listgreinum þurfa eins og staðan er núna að fara til dæmis til Reykjavíkur til að sækjast eftir því sem þau hafa áhuga á að læra.

Hér á Akranesi státum við að blómlegu íþróttarlífi, í gegnum tíðina hafa margir af okkar bestu fótboldamönnum komið héðan. Í dag komum við einnig sterk inn í öðrum íþróttargreinum svo sem fimleikum, klifri og keilu. Við eigum einnig allmarga

afreksmenn í sundi. Ef það er eitthvað sem við getum klappað okkur stolt á bakið fyrir þá er það flott og öflugt íþróttaraðstaða.

Í huga okkar sem erum að alast upp er draumurinn að listsköpun og aðstaða til hennar verði einnig til fyrirmyndar hér á Skipaskaga. Til að það gæti orðið að veruleika þyrfti að vera einhver aðstaða fyrir okkur sem höfum áhuga á að efla og æfa frekari listgreinar. Þar sem við getum einbeitt okkur að listsköpun okkar, hitt aðra, fengið hugmyndir frá jafningjum, setið námskeið frá öðru listamönnum og fyrst og fremst bara til þess að hafa gaman með öðrum.

Þrátt fyrir að Akranes sé þekkt fyrir að hafa alið af sér þekktu íþróttarkappa þá má ekki gleyma því að við státum einnig af því að héðan koma margir þekktir listamenn. Gaman væri ef við gætum yfirfært hugmyndina frá „Ungir Gamlir“ tónleikunum sem grunnskólarnir héldu svo eftirminnilega í samstarfi við marga frábæra tónlistamenn og heimfært það yfir á aðra listgreinar. Við gætum ef til vill fengið Helgu Brögu Jónsdóttir eða Halla Melló til að sýna ungum áhugaleikurum einhverja takta. Kristín Steinsdóttir; Sigurbjörg Þrastardóttir gætu aðstoða unga rithöfunda, að við tölum nú ekki um alla myndlistamennina sem hér búa eða tengjast Akranesi.

Ég vona að Akraneskaupstaður sjá sinn hag í að opna aðstöðu til listköpunar hér á Akranesi. Til lengri tíma tel ég að slíkt myndi koma Akranesi almenninlega á kortið sem lista- og menningarbæ fyrir alla.

Takk fyrir áheyrnina.